**Annar vanskilakostnaður**

Fyrir sérákvörðuð gjöld, t.d. milliinnheimtugjald, sem greidd eru af greiðanda kröfu. Annar vanskilakostnaður er geymdur á stofni kröfu. Dráttarvextir reiknast ekki af þessum kostnaði. Tekinn við greiðslu eftir að eindagi er liðinn, einu sinni.

**Auðkenni**

Með kröfu er skráð **auðkenni** sem vísar á númer þess reiknings á Kröfuhafaskrá sem greiðsla til kröfuhafa á að ráðstafast inná. Má vera bæði tölustafir og bókstafir.

**Auka ráðstöfunarskrá**

Skrá sem geymir upplýsingar um aukaráðstöfunarreikninga kröfuhafa.

**Banki**

Afgreiðslustaður (útibú).

**Bankastofnun**

Allir afgreiðslustaðir (útibú) banka eða sparisjóðs.

Dæmi: 01\*\*, 03\*\*, 05\*\*, 07\*\* eða 11\*\*.

**Beingreiðslukrafa**

Krafa sem kröfugreiðandi hefur falið banka að greiða út af tilteknum skuldfærslureikningi.

Í dag eru beingreiðslur vistaðar hjá bönkum og í GR kerfi.

**Beingreiðslubeiðni**

Samningur milli eiganda skuldfærslureiknings og viðskiptabanka um sjálfvirka skuldfærslu krafna.

**Beingreiðslusamningur**

Samningur milli viðskiptabanka og kröfuhafa.

**Birtingakerfi**

Samheiti fyrir öll kerfi sem geta birt kröfur.

**Birtingakódi**

Kódi sem getur verið tölu- eða bókstafir og segir til um í hvaða birtingakerfi krafan tilheyrir.

Leyfileg gildi í svæðinu eru eyða, 1, A og B.

Ef 1, A eða B er í svæðinu á krafan að tengjast einhverju birtingakerfi og við stofnun þarf textasvæðið að innihalda seinni hluta vefslóðarinnar (e. URL) á kröfunni í því birtingakerfi sem hún tilheyrir, sjá lýsingu á Vefslóð (e. URL). Tölvudeildir verða að búa til vefslóðina í vefbanka til að nálgast skjalið á rafrænan hátt.

Ef svæðið er autt má nota frjálsan texta í textasvæðinu, sjá lýsingu á Textasvæði á Kröfuskrá.

**Birtingur**

Birtingakerfi RB.

**Bókunardagur**

Bókunardagur greiðslu. Átta stafa svæði sem geymir dagsetningu bókunar greiðslu. Dagsetning er á forminu öðráámmdd. Upplýsingar settar í svæðið við greiðslu.

Ef krafa greiðist fyrir kl. 21:00 á bankadegi er hún bókuð í innlánakerfin þann dag en annars næsta bankadag og fær bókunardag samkvæmt því.

### Dagafjöldi fyri afsláttar

Tölulegt svæði, 1 - 98, sem segir til um hvenær, fyrir dagsetningu í afsláttarkóda, fyri afsláttur fæst. Ef svæðið er tómt á ekki að veita fyri afslátt.

#### Dæmi:

Gjalddagi	Greiðsludagur	Dagafjöldi fyri afsláttar	Fyri afsláttur
04.01.2004	29.12.2003	5	já
04.01.2004	30.12.2003	5	nei
05.01.2004	31.12.2003	5	já
05.01.2004	01.01.2004	5	nei
06.01.2004	01.01.2004	5	já
06.01.2004	02.01.2004	5	nei
10.01.2004	05.01.2004	5	já
10.01.2004	06.01.2004	5	nei

Dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.

### Dagafjöldi seinni afsláttar

Tölulegt svæði, 1 - 98, sem segir til um hvenær, fyrir dagsetningu í afsláttarkóda, seinni afsláttur fæst. Ef svæðið er tómt á ekki að veita seinni afslátt.

#### Dæmi:

Gjalddagi	Greiðsludagur	Dagafjöldi seinni afsláttar	Seinni afsláttur
04.01.2004	29.12.2003	5	já
04.01.2004	30.12.2003	5	nei
05.01.2004	31.12.2003	5	já
05.01.2004	01.01.2004	5	nei
06.01.2004	01.01.2004	5	já
06.01.2004	02.01.2004	5	nei
10.01.2004	05.01.2004	5	já
10.01.2004	06.01.2004	5	nei

Dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.

### Dagafjöldi fyrra vanskilagjalds

Tölulegt svæði, 1 - 98, sem segir til um hvenær, eftir dagsetningu í vanskilagjaldskóda, taka á fyrra vanskilagjald. Ef svæðið er tómt á ekki að taka fyrra vanskilagjald.

#### Dæmi:

Gjalddagi	Greiðsludagur	Dagafjöldi fyrra vanskilagjalds	Fyrra vanskilagjald
31.12.2003	04.01.2004	5	nei
31.12.2003	05.01.2004	5	já
01.01.2004	05.01.2004	5	nei
01.01.2004	06.01.2004	5	já

Til að finna út hvenær á að taka vanskilagjald er dagafjöldinn lagður við gjalddaga eða eindaga.

#### Dæmi:

Gjalddagi er 01.01.2004, vanskilagjaldskódi er 1 og dagafjöldi er 5 og er þá vanskilagjald tekið ef greitt er 06.01.2004 eða seinna.

Athugið að ef dagafjöldinn fyrra vanskilagjald er 00 og fyrra vanskilagjald er stærra en 0 er vanskilagjald tekið á gjalddaga eða eindaga, fer eftir vanskilagjaldskóda.

Dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.

### Dagafjöldi seinna vanskilagjalds

Tölulegt svæði, 1 - 98, sem segir til um hvenær, eftir dagsetningu í vanskilagjaldskóda, taka á seinna vanskilagjald. Ef svæðið er tómt á ekki að taka seinna vanskilagjald.

#### Dæmi:

Gjalddagi	Greiðsludagur	Dagafjöldi seinna vanskilagjalds	Seinna vanskilagjald
31.12.2003	04.01.2004	5	nei
31.12.2003	05.01.2004	5	já

01.01.2004	05.01.2004	5	nei
01.01.2004	06.01.2004	5	já

Til að finna út hvenær á að taka vanskilagjald er dagafjöldinn lagður við gjalddaga eða eindaga.

#### Dæmi:

Gjalddagi er 01.01.2004, vanskilagjaldskódi er 1 og dagafjöldi er 5 og er þá vanskilagjald tekið ef greitt er 06.01.2004 eða seinna.

Athugið að ef dagafjöldinn seinna vanskilagjald er 00, seinna vanskilagjald er stærra en 0 og ekki á að taka fyrra vanskilagjald er vanskilagjald tekið á gjalddaga eða eindaga, fer eftir vanskilagjaldskóda.

**Dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.**

#### Dagsetningar

Allar dagsetningar eru geymdar á forminu ÖÖÁÁMMDD.

#### Dráttarvaxtaprósenta

Sett inn með stofnfærslu og geymist á stofni kröfu. Þegar eindagi kröfu er liðinn þá eru dráttarvextir kröfu reiknaðir eftir þessari einu dráttarvaxtaprósantu allt vanskilstímabilið en ekki breytilegum miðað við dráttarvaxtatímabil eins og þegar dráttarvextir Seðlabankans eru notaðir.

Ef **dráttarvaxtaprósenta** er ekki sett á stofn kröfu, reiknast prósenta dráttarvaxta út frá árvaxtaprósantu dráttarvaxta sem Seðlabankinn gefur út og vaxtavaxtast á 12 mánaða fresti, þ.e. dráttarvextir leggjast við höfuðstól. Árvaxtaprósentur dráttarvaxta ásamt gildistökudagsetningum eru geymdar í bankatöflum RB. Tekið er tillit til breytinga á dráttarvöxtum sem verða á dráttarvaxtatímabili ef dráttarvextir Seðlabankans eru notaðir.

Dráttarvaxtaprósenta í inntaki er sjö stafir þar af 4 aukastafir.

#### Dráttarvaxtareglu

Segir til um hvenær dráttarvextir byrja að reiknast.

Dráttarvaxta regla	Dagafjöldi útreiknings	Viðmiðunar dagur útreiknings	Skýring
eyða	360/360	gjalddagi	Ef eindagi og gjalddagi er sami dagur og á lokuðum bankadegi þá er hægt að greiða kröfuna án dráttarvaxta <u>fyrir kl. 21:00 næsta bankadag.</u>
1	-	-	Ef dráttarvextir reiknast á kröfuna þá er alltaf reiknað frá gjalddaga til greiðsludags.
2	360/360	eindagi	Ef eindagi er á lokuðum bankadegi og greitt er <u>fyrir kl. 21:00 síðasta bankadag</u> eru engir dráttarvextir reiknaðir. En eftir það eru þeir reiknaðir eins og <u>greitt sé næsta bankadag.</u>
3	360/360	eindagi	Ef eindagi er <u>daginn fyrir lokaðan bankadag</u> og greitt er eftir kl 21:00 reiknast dráttarvextir til næsta opna bankadags.
			1% dráttarvextir reiknast á dag. - Ríkiskröfur.
			Ef dráttarvextir reiknast á kröfuna þá er alltaf reiknað frá eindaga til greiðsludags.

4	raun/360	gjalddagi	Eins og dráttarvaxtareglu <b>2</b> nema viðmiðunardagur útreiknings er gjalddagi.
5	raun/360	gjalddagi	Eins og dráttarvaxtareglu <b>eyða</b> nema dagafjöldi útreiknings er raun/360.
6	raun/360	eindagi	Eins og dráttarvaxtareglu ' <b>2</b> ' nema dagafjöldi útreiknings er raun/360.
7	360/360	gjalddagi	Eins og dráttarvaxtareglu ' <b>4</b> ' nema dagafjöldi útreiknings er 360/360.
8	360/360	gjalddagi	Ef eindagi og gjalddagi er sami dagur og á lokuðum bankadegi þá er hægt að greiða kröfuna án dráttarvaxta <u>fyrir kl. 21:00 næsta bankadag</u> .
			Ef eindagi og gjalddagi er ekki sami dagur og eindagi er á lokuðum bankadegi og greitt er <u>fyrir kl. 21:00 síðasta bankadag</u> eru engir dráttarvextir reiknaðir. En eftir það eru þeir reiknaðir eins og greitt sé næsta bankadag.
			Ef eindagi er <u>daginn fyrir lokaðan bankadag</u> og greitt er eftir kl 21:00 reiknast dráttarvextir til næsta opna bankadags.
9	raun/360	gjalddagi	Eins og dráttarvaxtareglu ' <b>8</b> ' nema dagafjöldi útreiknings er raun/360.
B	360/360	gjalddagi	Ef eindagi er á lokuðum bankadegi er hægt að greiða kröfuna án dráttarvaxta fyrir kl. 21:00 næsta bankadag .
			Ef dráttarvextir reiknast á kröfuna þá er alltaf reiknað frá gjalddaga til greiðsludags.
C	360/360	gjalddagi	5% dráttarvextir reiknast á dag. – Ríkiskröfur TIF (Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta) Ef dráttarvextir reiknast á kröfuna þá er alltaf reiknað frá gjalddaga til greiðsludags.

**Viðmiðunartími** útreiknings er alltaf frá kl. 21:00 - 21:00 fyrir dráttarvaxtareglur 2, 4, 6, 7, 8 , 9 og B.  
**Viðmiðunartími** útreiknings er alltaf frá kl. 24:00 - 24:00 fyrir dráttarvaxtareglur eyða, 3, 5, C.

### Dráttarvaxtastofn

Sú upphæð sem dráttarvextir reiknast af. Sjá **dráttarvaxtastofnkóda**.

## Dráttarvaxtastofnkódi

Stjórnar hvort dráttarvextir reiknast af 'upphæð kröfu' eða 'upphæð kröfu + vanskilagjald' eða:

- ' ' Dráttarvextir reiknast af 'upphæð kröfu'.
- '1' Dráttarvextir reiknast af 'upphæð kröfu + fyrra/seinna vanskilagjald'.

## Dráttarvextir

Á Kröfuskrá geymir þetta svæði ógreidda dráttarvexti. Þ.e.a.s. ef dráttarvextir á Kröfuskrá eru stærri en núll þá hefur verið greitt inn á kröfuna og innborgunin ekki verið næg til að greiða útreiknaða dráttarvexti. Ef dráttarvextir á Kröfuskrá eru núll og innborgunardagur er ekki núll þá hefur innborgun verið nógum há til að greiða upp áunna dráttarvexti.

Dráttarvextir á Söguskrá eru greiddir dráttarvextir. Ef innborgun er ekki næg fyrir dráttarvöxtum þá er þetta innborgununarupphæðin.

## Eftirstöðvakrafa

Eftirstöðvakrafa er krafa sem ríkið stofnar og getur verið gömul krafa ríkisins eða krafa þar sem vantað hefur upp á að greidd hafi verið til fulls.

## Eftirstöðvar kröfu

Eftirstöðvar kröfu eru upphafleg upphæð (höfuðstóll) – samtals innborgað á höfuðstól kröfu.

## Eindagi

Eindagi er síðasti dagur sem greiða má kröfu án dráttarvaxta, undantekningar eru ef eindagi er á lokuðum bankadegi, sjá dráttarvaxtareglur.

## Endurgreiðslukrafa

Endurgreiðslukrör eru kröfur þar sem upphæð kröfunnar er lögð inn á reikning greiðanda og tekin út af reikningi kröfuhafa. Þessar kröfur er eingöngu hægt að stofna ef greiðandi er skráður með beingreiðslubeiðni. Þessar kröfur eru notaðar þegar kröfuhafi þarf að endurgreiða viðskiptavini sínum.

## Fjármagnstekjuskattur

Skattur sem tekinn er af dráttarvöxum og vanskilagjaldi þeirra kröfuhafa sem ekki eru undanþegnir skattinum. Ef fyrirtæki sér sjálft um skil til RSK, þá er þetta útreiknaður fjármagnstekjuskattur sem fyrirtæki ber að skila til RSK.

RSK er Ríkisskattstjóri.

## Fjölmynt

Gengisreikningar í Innlánakerfinu í höfuðbók 29. Aðeins fyrir Landsbankann og Íslandsbanka.

## Færslugerð á Kröfuskrá

Leyfilegar færslugerðir í inntaki eru:

- B Breyting á kröfum á Kröfuskrá
- C Stofnun endurgreiðslukröfu á Kröfuskrá.
- E Niðurfelling á Kröfuskrá.
- H Hausfærsla.
- K Stofnun á kröfum á Kröfuskrá.
- L Lokafærsla.
- N Niðurfelling á valgreiðslukröfu.

Leyfilegar færslugerðir í endursendum strengjum eru:

- B Breyting á kröfum á Kröfuskrá.
- C Réttar endurgreiðslukröfur.

- D Greidd endurgreiðslukrafa. Við greiðslu á endurgreiðslukröfu er 'D' sett í svæðið færslugerð á Söguskrá kröfu.
- E Niðurfelling á Kröfuskrá.
- G Greiðsla. Við greiðslu á kröfu er 'G' sett í svæðið færslugerð á Söguskrá kröfu.
- I Innborgun. Við innborgun á kröfu er 'I' sett í svæðið færslugerð á Söguskrá kröfu.
- P Stofnun kröfu er rétt, fyrtækni að prenta út greiðsluseðil.
- Q Stofnun kröfu er rétt, viðkomandi greiðandi á beingreiðslubeiðni og ekki þarf að prenta út greiðsluseðil.
- V Villa í innsendum streng.
- N Niðurfelling á valgreiðslukröfu.
- M Villa í innsendum streng fyrir endurgreiðslukröfur.

### Gengisbanki

Fyrstu tveir stafirnir í gengisbanka eða 00, 01, 03, 05 eða 11.

### Gengiskódi

Segir til um við hvaða dagsgengi á að miða þegar krafa er greidd og hvaða dráttarvaxtatöflur skal nota við útreikning dráttarvaxta.

- J Gjalddagagengi sem segir að miða skuli við gildandi gengi kröfumyntar á gjalddaga. Gengisviðmiðun er gildandi gengi innan dags ef greitt er á gjalddaga. Ef greitt er eftir gjalddaga er viðmiðun síðasta skráða kröfugengi gjalddagans. Ef greitt er fyrir gjalddaga er miðað við gildandi gengi kröfumyntar. Dráttarvextir reiknast skv. hæstu lögleyfðu dráttarvaxtaprósentu hverju sinni á upphæð kröfunnar í íslenskum krónum miðað við gengi kröfumyntar á gjalddaga kröfunnar. Gjalddagagengi sem segir að miða skuli við gildandi gengi kröfumyntar á gjalddaga. Gengisviðmiðun er gildandi gengi innan dags ef greitt er á gjalddaga. Ef greitt er eftir gjalddaga er viðmiðun
- N Greiðsludagsgengi segir að miðað skuli við gildandi kröfugengi þegar krafa er greidd. Dráttarvextir reiknast, skv. dráttarvaxtarprósentu kröfumyntar eða dráttarvaxtaprósentu sem á kröfunni er, á íslenska upphæð kröfunnar eftir umreikning kröfupphæðar skv. gildandi gengi kröfumyntar. Greiðsludagsgengi segir að miðað skuli við gildandi kröfugengi þegar krafa er greidd. Dráttarvextir reiknast, skv. dráttarvaxtarprósentu kröfumyntar eða dráttarvaxtaprósentu sem á kröfunni er, á
- G Greiðsludagsgengi sem vinnur þannig að ekki er hægt að greiða gengiskröfu fyrr en á gjalddaga. Að öðru leiti vinnur gengiskódinn eins og gengiskódi N.

### Gengiskrafa

Gengiskrafa er krafa sem bundin er erlendri mynt og reiknast upp við greiðslu hjá gjaldkera miðað við það gengi sem er í gildi á annað hvort á greiðsludegi eða gjalddaga, sjá gengiskóda. Við greiðslu er krafan uppreiknuð og til þess eru notaðar upplýsingar í svæðunum mynt, gengistegund, gengiskódi og gengisbanki. Upphæð kröfunnar er greidd í íslenskri mynt.

Á stofni kröfu þurfa eftirfarandi svæði að vera útfyllt:

- Gengisbanki
- Gengiskódi
- Gengistegund
- Mynt

Ekki er hægt að veita afslátt af gengiskröfum.

Ef upphæð gengiskröfu er ráðstafað inn á innlenden gjaldeyririsreikning er ekki hægt að greiða inn á kröfuna og vanskilagjöldum og öðrum kostnaði þarf að ráðstafa inn á tékkareikning eða sparisjóðsreikning. Þessar kröfur er ekki hægt að stofna með gjalddagagengi.

### Gengistegund

- A** Almenn tafla viðkomandi stofnunar/banka.
- F** Miðgengi Seðlabanka Íslands.
- L** Lögboðið gengi Seðlabanka Íslands. Þetta er fundargengi Seðlabankans.
- S** Seðlagengi viðkomandi stofnunar/banka.

### Gjalddagi

Ef gjalddagi og eindagi eru sami dagur þá er hann síðasti greiðsludagur kröfu án dráttarvaxta.

Ef gjalddagi og eindagi eru ekki sami dagur þá er eindagi síðasti dagur sem hægt era ð greiða kröfuna án dráttarvaxta, sjá nánar dráttarvaxtareglur.

Ef gjalddagi er á lokuðum bankadegi skal hægt að greiða kröfuna án kostnaðar næsta bankadag fyrir ákveðnar dráttarvaxtareglur.

### Gjaldkeranúmer

Númer sem bankar og sparisjóðir nota til að einkenna gjaldkera sem framkvæmir aðgerð.

Gild gjaldkeranúmer eru:

- |      |                    |
|------|--------------------|
| LB01 | Landsbanki Íslands |
| KB01 | KBbanki            |
| IB01 | Íslandsbanki       |
| SP01 | Sparisjóðirnir.    |

### Greiðsla beingreiðslukrafna

Fyrsta tilraun til greiðslu beingreiðslukrafna fer fram 3 dögum fyrir **eindaga**.

### Greiðslukódi – má greiða

Kódi sem segir til um hvort megi greiða kröfu sem á ógreidda eldri gjalddaga.

Kódi	Skýring
''	Greiða þarf kröfur með sama númeri í gjalddagaröð, þá elstu fyrst.
'1'	Greiða má kröfu þó svo til sé önnur krafa með sama númeri sem á ógreiddan eldri gjalddaga.

Athugið að svæðin banki, höfuðbók, númer og kennitala **greiðanda** verða að vera eins þegar greiða á kröfur í gjalddagaröð.

### Greiðsluseðill

1. Ekki á að prenta út greiðsluseðla fyrir Q kröfur, færslugerð er Q í svarstreng við stofnun.
2. Ef greiðsluseðlar eru prentaðir út fyrir Q kröfur þá þarf að prenta textann **SKULDFÆRT í upphæðasvæðið á greiðsluseðlinum**.

### Hreyfingardagur

Sá dagur sem uppfærsla á Kröfuskrá er framkvæmd á.

### Hreyfingartími

Sá tími sem uppfærsla á Kröfuskrá er framkvæmd á.

### Höfuðbók

Höfuðbók IK kröfu er 66.

**Innborgunarkódi**

Innborgunarkódi getur tekið eftirfarandi gildi:

- “ Greiða má inn á kröfu.
- ‘1’ Ekki má greiða inn á kröfu.

**Innborgunardagur**

Er síðasti dagur innborgana á Kröfuskrá en dagur innborgunar á Söguskrá.

**Innborgun á kröfu**

Hægt er að nota innborgunarkóda til að stjórna því hvort megi greiða inn á kröfur eða ekki.

Ekki er hægt að greiða inn á kröfur kröfuhafa ef aukaráðstöfunarreikningur er með VIRKNI = U, UPPHÆÐ.

Ekki er hægt að greiða inn á gengiskröfu þar sem aukaráðstöfunarreikningur er með Tegund = ALLT.

Ef greitt hefur verið inn á kröfu þá er hægt að breyta höfuðstól, UPPHÆÐ með skilyrði um að hann verði ekki hærri en svæðið var fyrir og ekki lægri en greitt hefur verið inn á kröfuna, svæði INNB\_UPPH.

**Innborgunarupphæð - Innborgun**

Innborgunarupphæð samtals upphæð innborgana á höfuðstól kröfu.

**Innheimtuaðili**

Kennitala þess aðila sem sér um að innheimta kröfu. Allar upplýsingar um kröfu eru sendar innheimtuaðila.

Í flestum tilvikum er kröfuhafi innheimtuaðili. Bankar eru innheimtuaðilar húsfélaga.

**Innlausnarbanki**

Banki sem greiðir eða sendir kröfu.

**Kennitala kröfugreiðanda**

Sjá Kröfugreiðandi.

**Kennitala kröfuhafa**

Sjá Kröfuhafi.

**Kennitala skuldfærslureiknings**

Kennitala eiganda skuldfærslureiknings.

**Keyrsludagur**

Dagsetning í hausfærslu fyrir magnsendingar sem segir til um keyrsludag.

**Krafa í íslenskri mynt**

Krafa í íslenskri mynt þekkist á því að íslensk tákntala myntar er eyða eða 000, gengistegund, gengiskódi og fyrstu tveir stafir gengisbanka auðir.

**Krafa í erlendri mynt → gengiskrafa**

Gengiskrafa þekkist á því að mynt er stærri en 000, gengistegund og gengiskódi eru útfyllt og gengisbanki er 00, 01, 03, 05 eða 11.

	Krafa í ísl. krónum	Gengiskrafa – ráðstöfun á ísl.mynt	Gengiskrafa – ráðstöfun á ísl.mynt eða IG	Gengiskrafa – ráðstöfun á IG eða fjölmýnt AH
Gengisbanki	autt	01-03-05-11	00	01-03-05-11
Gengistegund	autt	A eða S	L eða F	A eða S
Gengiskódi	autt	N eða J eða G	N	N
Mynt	Autt eða 000	>000	>000	>000

Taflan sýnir hvaða svæði á að fylla út ef krafa er í íslenskri mynt eða er gengiskrafa.

**ATH:**

Ef ráðstöfunarreikningur kröfuhafa er **fjölmyntarreikningur** (höfuðbók 29) þá má gengistegund aðeins vera A eða S og gengiskódi N.

**Kröfugerð**

Upplýsingar um hvers konar kröfu verið er að stofna.

- ' venjuleg krafa
- ' 1' eða '01' létt krafa, verður að vera útfyllt ef krafa á að vera létt.
- ' 2' eða '02' valgreiðslukrafa, verður að vera útfyllt er krafa á að vera valgreiðslukrafa.
- ' 3' eða '03' létt valgreiðslukrafa, verður að vera útfyllt er krafa á að vera létt valgreiðslukrafa.
- ' 4' eða '04' endurgreiðslukrafa, verður að vera útfyllt ef krafa á að vera endurgeiðslukrafa.

**Kröfugreiðandi**

Greiðandi kröfu séð frá kröfuhafa.

**Kröfuhafi**

Kröfuhafi er eigandi kröfu.

**Kröfupottur RB**

Skrár sem geyma upplýsingar um allar ógreiddar kröfur eins og skuldabréf og kröfur.

**Kröfuskrá**

Kröfuskrá geymir upplýsingar um allar ógreiddar kröfur. Greiddar kröfur eru geymdar í 17 mánuði á Söguskrá kröfu.

**Létt krafa**

Er krafa sem engin gjöld eru tekin af né dráttarvextir. Líftími hennar má ekki vera lengri en **6 mánuðir**.

**Magnsendigar**

Magnsendigar kallast það þegar sendur er bunki af stofnunum, breytingum eða niðurfellingum á Kröfuskrá með FTP til RB. Þessi bunki fer á biðröð og er unnið úr honum eftir því sem tími er til hverju sinni.

**Má greiða, sjá greiðslukódi****Mynt**

Mynt er notuð fyrir gengiskröfur til að vísa á hvaða gjaldmiðil nota á við útreikning á sölugengi kröfu.

Myntin verður að vera til í mynttöflu RB. Mynt fyrir dollara er USD.

**Niðurfellingardagur**

Dagsetning sem segir til um hvenær skal fella kröfuna niður af Kröfuskrá. Dagsetningin verður að vera útfyllt í stofnfærslu. Niðurfellingardagur má ekki vera eldri en hreyfingardagur.

Hámarkslíftími kröfu skal vera 4 ár.

**OCR rönd**

Er forþrentuð lína neðst á efri hluta greiðsluseðils. Þessi lína er mismunandi útfyllt eftir höfuðbókum eða:  
Höfuðbók OCR-rönd

66 kennitala kröfuhafa - 0+númer kröfu - 03 - bank höfuðbók - gjalddagi.

KENNITALA	>	NÚMER	+	FL	<	BANKI HB	>	GJALDDAGI	+	SAMTALS GREITT	<
0101292429> 0000004+ 03< 110166> 070204+											
Hér fyrir ofan má hvorki skrifa né stimpla.											
 Sparisjóðabanki Íslands Rauðarárstíg 27 105 Reykjavík				Kennitala gr. 3112601239 Viðskiptarnr. 3112601239				Textalykill EF Innheimta      Gjalddagi 07.02.2004			
Innheimtupbjónusta sparisjóðanna											

**Ráðstöfunarreikningur**

Ráðstöfunarreikningur er innlásnsreikningur sem notaður er til að ráðstafa greiðslum.

Kröfuhafi getur haft einn eða fleiri ráðstöfunarreikninga og getur hann valið hvað og hversu stór upphæð fer inn á hvern ráðstöfunarreikning.

**Ráðstöfunarröð innborgana**

Ef krafa sem greitt er inn á er komin í vanskil skal ráðstöfunarröð innborgana vera:

- Dráttarvextir
- Vanskilagjald
- Annar vanskilakostnaður
- Annar kostnaður
- Tilkynningar- og greiðslugjald
- Upphæð kröfu.

**Reikningsyfirlit greiðanda**

Hægt er að velja hvað birtist á reikningsyfirliti greiðanda ef til eru upplýsingar um það á Kröfuhafaskrá.

Ef Kröfuhafaskrá inniheldur upplýsingar um hvað á að birtast á reikningsyfirliti greiðanda er eftirfarandi mögulegt:

**Langur texti á reikningsyfirliti greiðanda - 12 stafir****Svæðið heitir í IK 'RLIT\_GREID'**

- A Fyrstu 12 stafir tilvísunarnúmer.
- B Fyrstu 12 stafir viðskiptanúmer.
- C Banki, höfuðbók og númer kröfu.
- D Kennitala greiðanda.
- E Gjalddagi.
- Eyða Kennitala kröfuhafa

**Reikningsyfirlit kröfuhafa**

Hægt er að velja hvað birtist á reikningsyfirliti kröfuhafa ef til eru upplýsingar um það á Kröfuhafaskrá.

Ef Kröfuhafaskrá inniheldur upplýsingar um hvað á að birtast á reikningsyfirliti kröfuhafa er eftirfarandi mögulegt:

**Langur texti á reikningsyfirlit - 12 stafir - texti\_a\_reikningsyfirlit**

- A Fyrstu 12 stafir tilvísunarnúmer.
- B Fyrstu 12 stafir viðskiptanúmer.
- C Banki, höfuðbók og númer kröfu.
- D Kennitala greiðanda.
- E Gjalddagi.

**Stuttur texti á reikningsyfirlit - 7 stafir -tilvisunarnr\_a\_reikningsyfirlit**

- A 0 + gjalddagi.
- B Seðilnúmer.
- C Númer kröfu.
- D 6 + númer kröfu.
- E 2 + númer kröfu

Ef Kröfuhafaskrá inniheldur **EKKI** upplýsingar um hvað á að birtast á reikningsyfirliti eru eftirfarandi sett á reikningsyfirlit kröfuhafa eftir bönkum:

**Stuttur texti á reikningsyfirlit - 7 stafir**

- |      |                |
|------|----------------|
| 0001 | Seðilnúmer     |
| 01** | Seðilnúmer     |
| 03** | 0 + gjalddagi  |
| 05** | 0 + gjalddagi  |
| 07** | 0 + gjalddagi  |
| 11** | 0 + gjalddagi. |

**Langur texti á reikningsyfirlit - 12 stafir**

- |      |                                 |
|------|---------------------------------|
| 0001 | Tilvísunarnúmer                 |
| 01** | Tilvísunarnúmer                 |
| 03** | Viðskiptanúmer                  |
| 05** | Tilvísunarnúmer                 |
| 07** | Banki, höfuðbók og númer kröfu  |
| 11** | Banki, höfuðbók og númer kröfu. |

**Samningsbanki**

Bankanúmer banka sem fyrirtæki hefur gert samning við, þ.e. banki á Kröfuhafaskrá. Sami banki og banki kröfunnar á Kröfuskrá. Samningsbanki greiðir fyrir kröfur á Kröfuskrá.

**Seðilnúmer**

Geymir upplýsingar frá kröfuhafa.

**Sendingabanki**

Bankinn sem strengurinn kemur frá, sjá innlausnarbanki.

**Skuldfærslureikningur**

Reikningur sem greitt er út af við sjálfvirka skuldfærslu (beingreiðslu).

**Stofndagur**

Stofndagur kröfu. Átta stafa svæði sem geymir dagsetningu stofnunar kröfu. Dagsetning er á forminu öðráámmdd. Upplýsingar settar í svæðið við stofnun kröfu.

**Strengjavinnsla**

Gögn berast til RB á stöðluðu formi annað hvort með RB-streng eða á XML-formi.

**Söguskrá kröfu**

Skráin geymir upplýsingar um allar færslur á Kröfuskrá. Hreyfingadagur og tími er geymdur ásamt færslugerð, þ.a. hægt er að rekja feril breytinga kröfu.

Greiddar og niðurfelldar kröfur eru geymdar á skránni í 17 mánuði.

**Textalykill**

Textalykill skýrir út tegund kröfu og er tengdur við auðkenni.

## Textasvæði á Kröfuskrá

Textasvæði sem má innihalda hvað sem er og fylgir kröfu.

Ef krafa er tengd einhverju birtingakerfi er þetta seinni hluti vefslóðar (e. URL) hennar. Sjá lýsingu á Vefslóð (e. URL).

## Tilkynningar- og greiðslugjald

Gjald fyrir útreikning og útskrift greiðsluseðils ásamt sendingu hans til greiðanda. Alltaf greitt af greiðanda bréfs og rennur til kröfuhafa.

Tvö inntakssvæði eru fyrir þetta gjald. Annað er fyrir pappískröfur og hitt fyrir pappírlausar kröfur. Ef sleppa á gjaldinu eru svæðin auð í inntaksfærslu.

Þetta gjald er greitt við hverja innborgun.

## Tilvísunarnúmer

Textasvæði sem má innihalda hvað sem er. Er oft notað til að birta upplýsingar á reikningsyfirliti.

## Upphæð kröfu - Höfuðstóll

Upphafleg upphæð kröfu. Er alltaf óbreytt. Hægt að breyta höfuðstól þó svo að greitt hefur verið inn á kröfu.

## Upphæð til greiðslu

Er það sem á að greiða hverju sinni. Búið að taka tillit til afsláttar og ýmissa gjalda.

## Útgáfa

Svæðið útgáfa í hausfærslu á að innihalda útgáfunúmer gagnastrengsins sem verið er að nota. Útgáfa í gagnafærslum á að vera auð.

## Valgreiðslukrafa

Valgreiðslukrafa er krafa sem viðkomandi greiðandi ræður hvort hann greiðir. Eins og t.d. safnanir, happdrætti og nemendamót. Greiðandi getur eytt kröfunni í vefbönkum ef hann óskar þess. Ekki er hægt að stofna Valgreiðslukröfur á kenntiölu sem er með bannmerki í þjóðskrá.

## Vanskil

Krafa er komin í vanskil daginn eftir gjalddaga eða eindaga, fer eftir dráttarvaxtareglunni sem er á kröfunni. Heildarvanskil kröfu eru samanlöögð vanskil með dráttarvöxtum og vanskilakostnaði.

## Vanskilagjald – fyrra og seinna

Viðbótargjald vegna vanskila sem tekið er af kröfum þegar vanskil hafa náð tilteknum aldri eða þegar dagafjöldi fyrra eða seinna vanskilagjalds og vanskilagjaldskódi segir til um.

Hægt er að taka aðeins fyrra vanskilagjald en þá er dagafjöldi seinna vanskilagjalds og seinna vanskilagjald autt, dagafjöldi fyrra vanskilagjalds útfylltur og vanskilagjaldskódi útfylltur.

Hægt er að taka aðeins seinna vanskilagjald en þá er dagafjöldi fyrra vanskilagjalds og fyrra vanskilagjald autt, dagafjöldi seinna vanskilagjalds útfylltur og vanskilagjaldskódi útfylltur.

Ef taka á bæði fyrra og seinna vanskilagjald skal fylla út dagafjölda fyrir bæði fyrra og seinna vanskilagjald, vanskilagjaldskóda og fylla út bæði vanskilagjaldssvæðin.

Ef ekki á að taka vanskilagjald þá eru fyrra og seinna vanskilagjald, dagafjöldi fyrra og seinna vanskilagjalds og vanskilagjaldskódi látið vera autt.

Dráttarvextir reiknast af vanskilagjaldi ef **dráttarvaxtastofnkódi** er 1.

## Vanskilagjaldskódi

Kódi sem segir til um við hvaða dagsetningu á að miða þegar vanskilagjald er tekið og hvort gjaldið er geymt sem prósent aða upphæð.

Kódi	Skýring
''	Enginn vanskilakostnaður tekinn.
'1'	Gjalddagi er viðmiðunardagur. Gjaldið er upphæðasvæði.
'2'	Gjalddagi er viðmiðunardagur. Gjaldið er prósenta, reiknast af upphæð kröfu.
'3'	Eindagi er viðmiðunardagur. Gjaldið er upphæðasvæði.
'4'	Eindagi er viðmiðunardagur. Gjaldið er prósenta, reiknast af upphæð kröfu.

Ef notuð er prósenta má hún ekki vera hærri en 99,99 og reiknast af upphæð kröfu. Sama regla gildir um fyrra og seinna vanskilagjald, þ.e. ekki er hægt að hafa prósentu af upphæð kröfu á fyrra vanskilagjaldi og upphæð á því seinna.

Dagafjöldi fyrra vanskilagjalds á að vera minni en dagafjöldi seinna vanskilagjalds.

### Vaxtagdagsetning

Lögleg dagsetning þess dags sem gildistökudagur eða vaxtagdagsetning greiðslu miðast við, mest 10 almanaksdaga aftur í tímann. Ef dagsetningin er ekki tilgreind, auð, þá er miðað við hreyfingardag. Við greiðslu kröfu er vaxtagdagsetning gildistökudagur dráttarvaxta.

### Vefslóð (e. URL)

Vefslóð er textasvæði sem inniheldur vefslóð á kröfuna hjá einhverju birtingakerfi.

Vefslóð fyrir kröfur í höfuðbók 66 er:

[kennitalaKrofuhafa=5202692669&krofuNumer=52026926690111660080073050704&kennitala=6202697009&dags=05.07.2004](http://kennitalaKrofuhafa=5202692669&krofuNumer=52026926690111660080073050704&kennitala=6202697009&dags=05.07.2004)

þar sem **krofuNumer** er kennitala kröfuhafa, banki, höfuðbók, 0 + númer og gjalddagi á forminu ddmmáá, **dags** er gjalddagi á forminu dd.mm.ööáá.

Ef birtingakódi er '1', 'A' eða 'B' og vefslóðin er tóm þá smíða vefbankarnir vefslóðina sjálfir.

### Veltuupphæð

Inniheldur veltuupphæð sem er hámarksgreiðsla kröfunnar. Notað þegar kröfuhafi leyfir að greidd sé hærri upphæð en höfuðstóll segir til um en þá verður innborgun að vera leyfð.

Veltuupphæð getur verið sama og upphæð kröfu eða hærri. Ef hún er ekki útfyllt við stofnun/breytingu á kröfu þá fær hún sama gildi og upphæð kröfu.

Fullnaðargreiðsla verður þegar greitt er allt frá upphæð og að veltuupphæð kröfunnar.

Eingöngu almennar kröfur í íslenskri mynt geta notað veltuupphæð(upphaed2).

### Verkheiti

Tveggja stafa verkheiti er IK.

### Viðskiptanúmer

Einkvæmt númer greiðanda hjá kröfuhafa. Ef fyrirtæki notar ekki viðskiptanúmer á beingreiðslukröfur þá er kennitala greiðanda notuð sem viðskiptanúmer.


### Villuskrá inntaks

Geymir upplýsingar um allar stofnanir, breytingar og niðurfellingar sem ekki hafa gengið.

### XML

Staðall sem m.a. er hægt að nota til að lýsa hvaða formföustum gögnum sem er.

# Magnsendingar frá fyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum



# Strengjasendingar frá bönkum og sparisjóðum

